



2013

Þjóðarspegilinn

„Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?“

Hinsegin karmennska og viðhorf ungra Íslenskra hinsegin karla

Jón Ingvar Kjarran
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Stjórn málafræðideild
Ritstjóri: Stefanía Óskarsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XIV. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2013

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978 9935 424 17 4



HÁSKÓLI ÍSLANDS

„Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?“

Hinsegin karlmennska og viðhorf ungra íslenskra hinsegin karla

Jón Ingvar Kjarran
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Fjöldi rannsókna hefur beinst að mótun karlmennsku og kvenleika (sjá t.d. Bartky, 1990; Brownmiller, 1984; Connell, 1995; Kimmel, 1996; Messner, 1994; Paechter, 2003, 2007). Nálgun þeirra flestra er í anda félagslegrar mótunarhyggju (*social constructionist perspective*), þ.e. að mótun kyngervis sé félagsleg. Karlmennska og kvenleiki eru því lærð hegðun og styrkt í sessi í félagslegum samskiptum einstaklinga og innan stofnana og menningarsamfélaga. Karlmennska og kvenleiki er þó ekki einhver fasti heldur eru þessir eiginleikar háðir breytingum sem markast af tíma, aðstæðum og félagslegu samhengi (*multiple masculinities – femininities*). Í greininni ræðum við viðhorf ungra íslenskra hinsegin karlmannna til karlmennsku og mótun hingsegin karlmennsku, jafnt meðal hinsegin og gagnkynhneigðra karlmannna.

Hugmyndin um hið ríkjandi viðmið um karlmennsku á rætur að rekja til hugtaksins „ríkjandi karlmennska“ (*hegemonic masculinity*) sem ástralski karlafræðingurinn Raewyn Connell (1995) setti fyrst fram. Hún tók mið af hugmyndum ítalska marxistans Antonios Gramscis um ríkjandi gildi eða menningu yfirstéttarinnar. Samkvæmt Connell meta menningarsamfélög, stofnanir og hópar á hverjum tíma tiltekið útlit eða hegðun meira en annað sem verður með tímanum að ríkjandi viðmiði um karlmennsku. Aðrir meðlimir innan hópsins eða samfélagsins reyna eftir fremsta megni að falla að þessu gildismati, taka sér fulltrúa þess til fyrirmyndar og skilgreina karlmennsku sína út frá því. Ríkjandi karlmennska er því ýktar birtingarmyndir af staðalmyndum kynjanna (*gender-stereotyped behavior*). Mörkin á milli kynjanna eru vel afmörkuð og þau hafa sitt hefðbundna sérsvið ef svo má að orði komast, bæði hvað varðar hegðun og útlit (sjá t.d. Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011). Ríkjandi karlmennska sýnir karlinn gjarnan í hefðbundnum kynhlutverkum. Sérsvið hans tengist styrkleika, krafti og íþróttum, vöðvar eru dregnir fram og þeir gerðir sýnilegir. Hann á að vera virkur og umfram allt gagnkynhneigður. Kanadíski kynjafræðingurinn Brian Pronger (1990) setti fram hugtakið gagnkynhneigð karlmennska (*heteromascularity*): Það festir hönd á þeirri algengu kröfu að til að vera „sannur“ karlmaður þurfi að vera gagnkynhneigður. Hugtakið gagnkynhneigð karlmennska er náskyld hugtaki Judith Butler (1990, 1993) um hið gagnkynhneigða mót (*heterosexual matrix*), þar sem kyn, kyngervi og kynhneigð renna saman í eitt til að skilgreina annars vegar karlmann/karlmennsku og hins vegar kvenmann/kvenleika.

Karlmenn sem laga sig ekki að ríkjandi karlmennsku falla ekki alltaf í kramið og lenda á jaðrinum félagslega. Til dæmis er kvenleiki í fari karla talinn fráhrarfrá „hefðbundinni“ karlahegðun og ruglað saman við samkynhneigð. Staðalmyndin um hommann er sú að hann sé kvenlegur, vöðvarýr; í stuttu máli eins konar andhetja hins sanna karlmanns. Hann er jaðarsettur og piltar sem hegða sér á einhvern hátt „kvenlega“ eru merktir með hinum samkynhneigða stimpli, hvort sem þeir skilgreina sig þannig eða ekki (Blye, Kehler, Lovell og Davison, 2003; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Martino og Pallotta-Chiarelli, 2003). Þess háttar „jaðarhegðun“ fellur því ekki að

staðmyndinni um hina gagnkynhneigðu karlmennsku. Þetta getur stafað af því að kvenleg hegðun pilta sé talin grafa undan ríkjandi karlmennskuímynd og ógna feðraveldinu. Ógnunin felst einkum í því að kvenleiki hefur í gegnum tíðina verið settur skör lægra en karlmennska. Hann hefur ekki borið með sér jafnmikinn auð, hvorki menningarlegan, félagslegan né efnahagslegan (Bourdieu, 2001). Kvenleiki í fari pilta getur því truflað ríkjandi ástand og dregið úr auðlegð karlmennskunnar. Í því sambandi er hægt að tala um hinsegin karlmennsku (*queer masculinities*) sem skilgreina má þannig:

Hún felst í því að vera á einhvern hátt karlmannlegur án þess að falla að ríkjandi hugmyndum um karlmennsku og það sem meira er að það getur truflað þær hugmyndir með því að þá koma fleiri möguleikar í ljós (Heasley, 2005, bls. 310)

Hinsegin karlmennska, að því marki sem hún sker sig frá annarri karlmennsku, getur því truflað ríkjandi karlmennskuhugmyndir. Bæði karlmenn sem skilgreina sig gagnkynhneigða en jafnframt þeir sem skilgreina sig samkynhneigða eða tvíkynhneigða geta tileinkað sér hinsegin karlmennsku og þar með truflað ríkjandi karlmenskugildi. Það gera þeir með því að fara út fyrir hið gagnkynhneigða mót og tjá kyngervi sitt á skjön við ríkjandi viðmið. Í rannsókn Wayne Martino (2012) á hinsegin karlmennsku kom fram að ungur kennaranemi, sem skilgreindi sig gagnkynhneigðan og var mjög karlmannlegur í útliti, notaði naglalakk til að grafa undan ríkjandi karlmennskuhugmyndum.

En hvað með homma og tvíkynhneigða karlmenn? Hvaða viðhorf hafa þeir til karlmennsku og hvernig laga þeir hana að hinsegin sjálfsmynd sinni? Reyna þeir að trufla ríkjandi viðmið eða laga þeir ímynd sína að ríkjandi karlmennskuhugmyndum? Við byggjum á viðtalsrannsókn við unga samkynhneigða og tvíkynhneigða karlmenn þar sem sumir höfðu tileinkað sér hinsegin karlmennsku en aðrir hinsegin gagnkynhneigða karlmennsku (*queer heteromascularity*). Hér ber þó að hafa í huga að mörkin þarna á milli eru ekki alltaf skýr og sumir eiginleikar í fari viðmælenda okkar gátu fallið í hvorn flokk fyrir sig. Við leggjum jafnframt áherslu á að með þessari tvískiptingu á karlmennskuhugmyndum hinsegin ungra karlmanna viljum við hvorki ýta undir eðlishyggju né tvíhyggju, heldur er þess háttar skipting sett fram til að sýna fram á fjölbreytileika karlmennskuhugmynda, þar sem mörkin eru oft og tíðum fljótandi og óstöðug. Í báðum tilvikum er þó að okkar mati verið að grafa undan eða trufla (*queer*) ríkjandi viðmið um karlmenskuna.

Aðferð

Í greininni er sagt frá fyrsta hluta rannsóknar á mótun karlmennsku hinsegin karlmanna. Meginmarkmið hennar er að draga fram sýn ungra hinsegin karlmanna til karlmennskunnar í þeim tilgangi að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram í inngangi hér að framan. Annar greinarhöfundur, Jón, tók hálfopin viðtöl við sex hinsegin karlmenn frá því í febrúar 2010 fram í maí 2011 og voru þeir á aldrinum 18–22 ára þegar viðtölin voru tekin. Viðmælendur voru annaðhvort enn í framhaldsskóla eða höfðu brautskráðst þaðan fyrir nokkrum árum. Þeir völdu sér sjálfir dulnefni: Benedikt, Gísli, Gunnar, Hrafn, Rafn og Töm. Þeir skilgreindu sig allir sem homma, nema Rafn sem skilgreindi sig tvíkynhneigðan.

Viðmælendur voru valdir á þrennan hátt: Í fyrsta lagi með hentugleikaúrtaki, þ.e. rannsakandi þekkti suma þeirra eftir að hafa kennt við ónefndan framhaldsskóla (Flick, 2006). Í öðru lagi var svokallað snjóboltaúrtak notað, þ.e. viðmælendur bentu á aðra sem hugsanlega gætu haft áhuga á að taka þátt í rannsókn. Loks var leitað til forsvarsfólks ungliðahóps Samtakanna '78 sem bentu á hugsanlega þátttakendur.

Viðmælendur stunduðu eða höfðu stundað nám við samtals þrjá framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Rætt var við hvern viðmælenda einu sinni og tók hvert viðtal að jafnaði rúmlega 90 mínútur. Spurningarnar snerust um viðhorf þeirra til karlmennsku, samkynhneigðar og hver reynsla þeirra var af framhaldsskólanum.

Viðtalsgögnin voru greind út frá þeim sem voru dregin út úr gögnunum. Markmið greiningarinnar (Braun og Clarke, 2006) var að athuga hvernig skýra mætti mótun karlmennsku meðal samkynhneigðra og tvíkynhneigðra karlmanna samhliða mótun hinsegin sjálfsmyndar. Við drógum fram tiltekin þemu úr frásögn viðmælenda okkar sem við töldum að gætu varpað ljósi þessa þætti.

Niðurstöður

Við segjum hér frá nokkrum þáttum sem varpa ljósi á viðhorf hinsegin karlmanna til karlmenskunnar og hvernig þeir laga hana að hinsegin sjálfsmynd sinni. Gögnin benda til þess að sumir hinsegin karlmenn reyna eftir fremsta megni að laga sig að ríkjandi karlmennskuhugmyndum. Þrír viðmælendur virtust hafa tileinkað sér hana en aðrir höfðu hins vegar tileinkað sér hinsegin karlmennsku (*queer masculinity*).

Hinsegin gagnkynhneigð karlmennska

Benedikt, Hrafn og Tom virtust allir hafa tileinkað sér hinsegin gagnkynhneigða karlmennsku. Þeir skilgreindu sig allir sem homma en höfðu lagað sig að ríkjandi hugmyndum um karlmenskuna, bæði í háttarni og viðhorfum. Allir voru þeir miklir keppnismenn og vildu skara fram úr. Hrafn hafði til dæmis verið virkur í fótbolta, bæði áður og eftir að hann kom út úr skápnum sem hommi. Tom hafði mikinn áhuga á bílum og lagði ríka áherslu á að vera sjálfstæður. Hann vildi geta gert sjálfur við hluti, þar á meðal bíla, enda var það að hans mati karlmannlegt, eitthvað sem „mjög fáir samkynhneigðir menn geta“ eins og hann staðhæfði. Benedikt hafði komist til æðstu metorða innan félagslífsins í sínum skóla og keppti bæði í Gettu betur og Morfis. Hann hafði tileinkað sér karlmannlegt fas og flestir vinir hans voru karlkyns. Allir lögðu þeir svo ríka áherslu á að greina sig frá staðalmyndinni af „hommanum“ sem Benedikt dró ágætlega saman í neðangreindri tilvitnun:

Ég er ekkert sérstaklega mikill hommi, ég blæs ekki á mér hárið áður en ég fer út, ég mála mig ekki ... ég hef aldrei fengið neitt út úr því að fara í stelpuföt eða neitt svoleiðis og mér ... hefur alltaf verið hálfilla við það. [Þetta] virðist vera myndin sem margir hafa af hommum og það er kannski líka hálfgerð kergja ... út í svoleiðis homma því þeir einhvern veginn ... eru farnir að skilgreina soldið þessa kynhneigð bara einfaldlega af því að þeir eru mest áberandi.

Í þessari tilvitnun Benedikts eru nokkur atriði sem varpa ljósi á viðhorf hans til karlmenskunnar. Í fyrsta lagi dró hann upp mynd af hinum „kvenlega“ homma sem hann telur vera mjög áberandi í umræðunni. Í raun yfirfærði hann þessa staðalmynd á alla homma þegar hann sjálfur segist ekki vera „mikill hommi“. Má ætla að hommi sé í hans huga „kvenlegur“ einstaklingur, eitthvað sem hann telur sig alls ekki vera. Með þessu greinir Benedikt sig frá kvenleikanum. Það að greina á milli sín og hins kvenlega er liður í því að laga sig að ríkjandi karlmennskuhugmyndum, þar sem hvers kyns kvenleika í fari karlmanna er úthýst og hann í raun forboðinn, enda getur slík hegðun „spillt“ sannri karlmennsku (sjá t.d. Connell, 1995; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Samkvæmt ríkjandi karlmennskuhugmyndum eiga karlmenn að vera karlmannlegir og þess vegna fellur það ekki að ímynd karlmannsins að blása á sér hárið, mála sig eða fara í kvenmannsföt. Í öðru lagi má ráða af tilvitnuninni hér að ofan að Benedikt leggi

rika áherslu á að greina sig frá staðalmyndinni af hommanum. Með þessu er hann að vernda sjálfið en um leið setur hann þá samkynhneigðu karlmenn sem ekki falla að ríkjandi viðmiði á annan bás sem „hina“ eða „þá þarna“ (*defensive othering*). Þar með er hann að taka undir og styrkja þá orðræðu sem jaðarsetur kvenlega samkynhneigða karlmenn og telur þá vera ógnun við karlmennskuna. Ezzell (2009) hefur rætt þetta í tengslum við kvenkyns íþróttamenn sem stunda „karlmannlegar íþróttir“, eins og fótbolta eða ruðningsbolta. Margar þeirra hafa tileinkað sér kvenlega ímynd í þeim tilgangi að greina sig frá annars vegar „karlmannlegum“ íþróttakönnum og hins vegar að forðast það að vera taldar lesbíur. En þar með hafa þær jafnframt fest í sessi þá orðræðu fedraveldisins að þær konur sem stundi karlmannlegar íþróttir hljóti að vera hálfgerðir karlar eða lesbíur.

Hrafn og Tom taka undir með Benedikt og þrá eins og hann að falla inn í hópinn, vera viðurkenndir sem venjulegir karlmenn þótt þeir laðist að einstaklingum af sama kyni. Hrafn lagði áherslu á þetta og lagði hegðun sína að ríkjandi viðmiði. Hann sagði að þar með hefði hann náð að „vera samkynhneigður án þess að ógna hinum“. Miðað við þetta var í hans umhverfi í lagi að vera samkynhneigður, svo framarlega sem viðkomandi hegðaði sér í samræmi við ríkjandi karlmennskuviðmið. Tom ræðir þetta einnig og segir að hann hafi oft þurft að vera meðvitaður um hegðun sína og útlit í þeim tilgangi að vera „óhommalegur“. Hann lýsir því þannig:

Eins og sagt [var] við mig um daginn að ég ætti aðeins að róa mig niður af því að ég get orðið geðveikt svona farið over the top og þau sögðu bara við mig að þú vilt ekki vera þekktur sem homminn, þannig að ég er svona að vinna í því að róa mig aðeins niður. [Ég] vil að allir vinir mínir segi við mig að ég geri eitthvað vitlaust ... af því að ég fatta það ekki stundum að ég er að gera mig að fífl. ... Ég vil bara vera hérna einn af strákuunum.

Hér lýsir Tom því hvernig félagar hans og umhverfið, í hans tilviki framhaldsskólinn, agar hann til og fær hann til að laga sig að ríkjandi viðmiði um karlmennskuna. Lesa má á milli línanna að karlmenn eigi að vera yfirvegaðir og ekki alltof tilfinningaríkir, því þá fái þeir á sig „homma“stimpilinn. Ögunin var þó ekki einungis meðvituð, eins og dæmið hér að ofan gefur til kynna, heldur mun frekar ómeðvituð.

Þó að Benedikt, Hrafn og Tom hafi lagt mikla rækt við að laga sig að ríkjandi orðræðu um karlmennskuna, þá voru þeir jafnframt gagnrýnir á hið gagnkynhneigða regluveldi (*heteronormativity*) og þær takmarkanir sem það setti bæði karlmönnum, jafnt samkynhneigðum og gagnkynhneigðum. Hrafn ræddi til dæmis um það hve erfitt það gæti verið fyrir stráka að fara í sleik, því að þá væru þeir um leið stimplaðir samkynhneigðir. Hjá stelpunum væri þetta miklu auðveldara að mati Hrafns. Þær gætu farið í mismunandi kynhlutverk eða kysst kynsystur sínar án þess að verða stimplaðar eða agaðar af umhverfinu. Ennfremur var það að mati Hrafns auðveldara að vera lesbía í fótbolta heldur en hommi. Hrafn hafði æft fótbolta fram til 19 ára aldurs, þar af þrjú ár eftir að hann kom út úr skápnum. Um þetta segir Hrafn:

Það er allt miklu meira líbó í kringum [stelpur] og líka bara, þú veist, lessur í íþróttum, allt kvennalandsliðið er lesbískt, þetta [er] ekkert mál ... [Ég] veit ekki hvað myndi gerast ef allt karlalandsliðið myndi vera hommar. Það yrði frábært.

Í rannsóknnum sínum á kvenleika fjallar breski félagsfræðingurinn Carrie Paechter (2003, 2007) um það að stúlkur (konur) hafi oft meira frelsi og sveigjanleika þegar kemur að birtingarmyndum kvenleika. Stúlkur geta til dæmis farið í mismunandi hlutverk og verið til dæmis strákastelpan, góða stelpan eða kalda stelpan (Paechter, 2003, 2007). Karlar geta síður brugðið sér í mismunandi karlahlutverk enda eru birtingarmyndir karlmennsku færri og oft og tíðum fastmótaðri (Connell, 1995). Viðmælendur okkar, Benedikt, Hrafn og Tom, staðfestu þetta, enda reyndu þeir að

„Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?“

laga sig að ríkjandi orðræðu um karlmenskuna og töldu að umhverfi þeirra byði þeim ekki upp á aðra möguleika. Hinir viðmælendur okkar fóru hins vegar aðrar leiðir eins og rætt verður um í tenglum við hinsegin karlmensku.

Hinsegin karlmenska

Gísli, Gunnar og Rafn höfðu tileinkað sér það sem við viljum nefna hinsegin karlmensku. Gísli og Gunnar skilgreindu sig sem samkynhneigða en Rafn leit á sig sem tvíkynhneigðan. Þeir voru ekki eins áberandi í félagslífinu og Benedikt, Hrafn og Tom höfðu verið og héldu sig mikið út af fyrir sig. Einnig höfðu þeir allir leitað til Samtakanna '78 þegar þeir voru að koma út úr skápnunum, en það gerðu hinir ekki. Þeir voru ekki með eins mikla fordóma í garð staðalmyndarinnar um hommann og fundu ekki hjá sér sterka þörf til að greina sig frá hinu kvenlega. Ennfremur voru þeir gagnrýnir í garð ríkjandi hugmynda um karlmenskuna og vildu geta farið aðrar leiðir. Gísli ræddi þetta í eftirfarandi tilvitnun:

[Ég] lék mér með barby og svona skemmtilegt, klæddi mig í kjóla. [I] dag geri ég það náttúrulega ekki. ... [Mér] finnst ég ekkert vera öðruvísi en aðrir nema bara það að ég er ekki hrifinn af konum, í rauninni [er] það svona eini munurinn.

Hér segir Gísli frá því að hann hafi leikið sér með „stelpudót“ þegar hann var yngri og jafnvel farið í kvenmannsföt. Hann bætir þó við að hann hafi hætt þess háttar hegðun eftir að hann varð eldri. Á milli línanna má lesa að þetta hafi verið bernskubrek sem heyri til fortíðinni, enda telst þess háttar hegðun ekki falla að ríkjandi orðræðu um karlmensku. Þórdís Þórðardóttir (2012) ræðir þetta í nýlegri doktorsritgerð sinni en þar kemur meðal annars fram að karlar reyni eftir fremsta megni að velja „strákaleikföng“ fyrir syni sína. Þeir hafa mun meiri áhyggjur af því en konur að synir þeirra verði hommar eða kvenlegir ef þeir leika sér með leikföng ætluð stúlkum (Þórdís Þórðardóttir, 2012). Ríkjandi orðræða um karlmensku virðist því hafa agað Gísla og hann virðist hafa látið fljótt af leik sínum með brúður og klæðst sjaldnar kvenmannsfötum. Þegar hann var hins vegar inntur frekar eftir þessu sagðist hann stundum laumast í snyrtidót mömmu sinnar og setti þá á sig andlitsfarða og varalit. Gísli virðist því bjóða ríkjandi karlmensku birginn og lætur þá orðræðu ekki alfarið stjórna hegðun sinni. Hann leggur jafnframt áherslu á að þótt hann hafi klæðst kjólum og notað varalit sé hann ekkert öðruvísi. Eini munurinn á honum og öðrum strákum er sá að hann hrífst að einstaklingum af sama kyni og skiptir þá engu máli hvort hann klæðist „stelpufötum“ eða ekki.

Gunnar var líkt og Gísli gagnrýninn á birtingarmyndir hinnar hefðbundnu karlmensku. Hann taldi að alltof mikil áhersla væri lögð á hana í hans nánasta umhverfi. Leikfimitímar í framhaldsskóla virtust ýta undir þess háttar viðhorf að hans mati en þeir snerust vanalega um fótbolta. Gísli og Rafn tóku í sama streng. Gunnar var einnig gagnrýninn á það hve umhverfið væri fljótt að draga þá ályktun að „kvenlegir“ karlar væru hommar, eins og sjá má í eftirfarandi tilvitnun:

Bekkjarbróðir minn hann var rosalega grannur, [með] finlegar hreyfingar, finlega rödd, með gleraugu og í gegnum öll árin ... [hefur] fólk grunað að hann sé samkynhneigður. ... [I] gegnum menntaskólann þá hefur hann átt nokkrar kærustur og hann segist vera straight en af því að hann er með finlegar hreyfingar og er kannski ekki karlmannlegasti maðurinn í skólanum þá grunar fólk hann samt [um] það að vera samkynhneigður. [En] náttúrulega líka getur verið að massaði gaurinn í [bekknum] sem er karlmannlegur, hann getur alveg verið samkynhneigður.

Gunnar er hér óbeint að vísa í gagnkynhneigða mótið, þ.e. kyn, kyngervi og kynhneigð renna saman í eitt. Hann bendir á að kvenlegir karlar þurfi alls ekki að vera samkynhneigðir. Að hans mati er umhverfið alltof fljótt að draga einhverjar ályktanir ef karlmaður vikur frá ríkjandi orðræðu um karlmennskuna. Hann bendir líka réttilega á að „massaði gaurinn“, sá sem er talinn vera holdgervingur karlmennskunnar samkvæmt ríkjandi karlmennskuhugmyndum, geti aftur á móti vel verið hommi. „Sannur“ karlmaður þarf ekkert endilega að vera gagnkynhneigður. Gunnar er hér óbeint að ræða það hvernig hægt sé að trufla ríkjandi orðræðu um karlmennskuna sem gerir ráð fyrir samræmi á milli karlmannlegrar hegðunar og gagnkynhneigðar. Þetta sýnir að hugmyndin um gagnkynhneigða mótið varpar ágætis ljósi á það og gefur jafnframt möguleika á að trufla hvers kyns orðræðu og ríkjandi viðmið um karlmennsku.

Rafn virðist hafa áttað sig vel á því hvernig hægt sé að trufla ríkjandi orðræðu um karlmennskuna. Hann dregur það saman í eftirfarandi tilvitnun:

Ég nota naglalakk ... til þess að brjóta svolítið upp þennan vegg á milli karla og kvenkyns og ég hef fengið comment út á það að ég sé að reyna að vekja athygli á kynhneigð minni með því. [S]vo [er] líka fólk sem finnst jafnvel tvíkynhneigð vera furðuleg og vill bara meina að það sé annaðhvort bara samkynhneigður eða gagnkynhneigður ...

Til að trufla orðræðuna og brjóta upp hið gagnkynhneigða mót notar Rafn naglalakk. Wayne Martino (2012) hefur bent á að líkaminn sé uppspretta þekkingar. Því er hægt að nota hann í „pólítískum“ tilgangi til að koma á framfæri skilaboðum eða trufla ríkjandi viðmið. Rafn virðist átta sig á þessu og notar líkamann í uppeldislegum tilgangi, til að upplýsa vini sína og bekkjarfélaga um óstöðugleika kynjakerfisins. Hann minnstist ennfreður á að hegðun hans og úlit gæfi stundum tilefni til umræðu um karlmennsku og birtingarmyndir hennar. Kynhneigð hans sætti einnig furðu meðal margra eins og kemur fram í tilvitnuninni hér að framan. Bandaríski félagsfræðingurinn, April S. Callis (2009) hefur bent á að tvíkynhneigð geti verið truflandi fyrir umhverfið þar sem hugsun okkar sé svo föst í viðjum tvíhyggjunnar, að við viljum geta skilgreint einstaklinga annaðhvort sem samkynhneigða eða gagnkynhneigða. Ástæðan fyrir þessu að mati Callis (2009) er meðal annars sú að erfitt er að framkvæma (*perform*) tvíkynhneigð á sýnilegan hátt. Viðkomandi framkvæmir annaðhvort samkynhneigð eða gagnkynhneigð, ekki hvort tveggja í senn þó svo að viðkomandi hafi þróað með sér tvíkynhneigða sjálfsmynd. Svo virðist því sem skólafélagar Rafns hafi átt erfitt með að átta sig á þessu og fundist kynhneigð hans vera „furðuleg“. Var hann jafnvel sakaður um að eiga erfitt með að átta sig á kynhneigð sinni, eða að hann væri „kynóður“, allt saman þekkt orðræðupemu um tvíkynhneigð (Callis, 2009). Tvíkynhneigðin gaf honum því enn frekari möguleika á að trufla umhverfi sitt og ríkjandi orðræðu um kynhneigð og kyngervi, á sama hátt og hann notaði naglalakkið til að trufla hin ríkjandi viðmið um karlmennskuna. Rafn féll því á engan hátt inn í hið gagnkynhneigða mót sem sýnir vel hve óstöðugt og fljótandi kynjakerfið er.

Þó að sumir viðmælendur okkar hafi verið gagnrýnir á ríkjandi karlmennskuhugmyndir, þá kom fram í frásögn þeirra að bæði vinir og bekkjarfélagar hefðu stundum sýnt af sér sem túlka mátti sem hinsegin karlmennsku. Gunnar minnstist á að vinur hans hefði stutt við bakið á honum þegar hann var að koma út úr skápnem og fór með honum á ungliðafund hjá Samtökunum '78. Hann sagði einnig frá því að gagnkynhneigðir vinir hans hefðu farið með honum á hommabari þegar þeir voru á ferðalagi erlendis. Ennfremur ræddi hann reynslu sína af böllum í ýmsum framhaldsskólum þar sem hann hefði séð stráka, gagnkynhneigða að honum virtist, „detta í sleik“. Þetta stangast á við reynslu Hrafns eins og lýst var hér að framan. Hins vegar

ræddi Hrafn að eftir að hann kom út þá hafi gagnkynhneigðir piltar átt auðveldara með að dansa við hann, verið einhvern veginn öruggari með sig og ekki fundist óþægilegt að tengjast honum náid. Tom dregur þetta svo ágætlega saman í eftirfarandi tilvitnun:

Vinur minn sem á kærustu [og] er gagnkynhneigður elskar athyglina frá mér þannig að við erum alltaf dansandi dirty ... [Förum] ekki í sleik, [frekar] eins og að kyssast, við erum bara alltaf djókandi, láta alla halda að hann sé samkynhneigður ... [En] honum er alveg sama ... [og] finnst þetta bara fyndið. ... [H]ann er örugglega ósamkynhneigðasti [strákur] sem maður finnur, samt er hann alltaf að reyna við stráka. [H]ann er svona metrósexúal sem fílar athyglina frá strákunum.

Tom lýsir þarna vini sínum sem „metrósexúal“. Það hugtak setti breski blaðamaðurinn Mark Simpson (1994) fram í þeim tilgangi að lýsa gagnkynhneigðum karlmönnum sem höfðu tileinkað sér eitthvað sem kalla mætti samkynhneigðan lífsstíl. Metró-karlmenn leggja því ríka áherslu á útlitið, þæla í tískunni, nota snyrtivörur og verja lengri tíma fyrir framan spegilinn en verið hafði raunin hjá hinum dæmigerða karlmanni. Má segja að þeir uppfylli á vissan hátt staðalmyndina af hinum glysgjarna homma. Fótboltastjarnan David Beckham var holdgervingur „metró“-karlmennsku undir lok 20. aldar og fyrirmynd margra ungra karlmanna sem tóku að greiða sér og velja sér skartgrip eins og hann. Að mati Peterson og Anderson (2012) er „metró“-karlmennska merki um nýja og mýkri tegund karlmennsku, sem þeir skilgreina sem fjölbreytilega karlmennsku (*inclusive masculinity*). Hér mætti einnig nota hugtakið hinsegin karlmennska um þá gagnkynhneigðu karlmenn sem hafa tileinkað sér mýkri karlmenskutilburði. Í rannsókn Peterson og Anderson kom einmitt fram að ungir gagnkynhneigðir háskólapiltar í Bretlandi væru óhræddir við að sýna tilfinningar sínar gagnvart karlkyns vinum sínum. Þeir dansa við þá á erótískan hátt og jafnvel er orðið algengara að gagnkynhneigðir piltar kyssist eða sýni hver öðrum blíðu þegar þeir eru að skemmta sér saman. Allt er þetta merki um breytt viðhorf til karlmenskunnar að mati Peterson og Anderson og tengist auknu frjálsræði þegar kemur að kynhneigð og kynlífi. Ennfremur virðist hafa dregið verulega úr fordómum í garð hinsegin fólks á Vesturlöndum og það hefur leitt til þess að gagnkynhneigðir karlar geta í auknum mæli tengst kynbræðrum sínum nánum tilfinningaböndum án þess að vera taldir hommar. Jeffrey Weeks (2010) hefur bent á það hvernig hefðir samfélagsins hafa á síðustu áratugum molnað sundur og glatað gildi sínu og notar hann hugtakið afnám hefðar (*detraditionalization*) um þessa þróun. Samkvæmt honum hefur einstaklingshyggja farið vaxandi samhliða dvínandi vægi hefðbundinna stofnana á borð við kirkju, fjölskyldu og hjónaband. Hver og einn er því ekki lengur háður hefðum og gömlu gildismati þegar kemur að kynlífi, kynhneigð eða lífsstíl.

Tom og áður nefndur vinur hans eru góð dæmi um breytt viðhorf til karlmenskunnar. Gagnkynhneigður vinur hans dansaði „dirty“ við hann og daðraði jafnvel við aðra stráka, þó að hann ætti kærustu sem var jafnvel með honum á ballinu. Svo virðist því sem karlmennskuhugmyndir ungra íslenskra karlmanna séu hægt og sígandi að færast frá gagnkynhneigðri karlmennsku. Má jafnvel segja að sumir ungir gagnkynhneigðir piltar séu farnir að tileinka sér hinsegin karlmennsku (*queer masculinity*), á sama hátt og sumir samkynhneigðir og tvíkynhneigðir karlmenn hafa tileinkað sér gagnkynhneigða karlmennsku.

Lokaorð

Í umfjöllun sinni um hinsegin karlmennsku segir Mark McCormack (2012) að best sé að trufla ríkjandi viðmið með því að beita óhefðbundnum aðferðum sem kemur

umhverfinu í opna skjöldu. Hins vegar ber að hafa í huga að erfitt getur verið að umbreyta sjálfu kerfinu með því einu að trufla ríkjandi orðræðu. Hvers kyns mótspyrma gefur einstaklingum ákveðið svigrúm og frelsi til að prófa ólík kyngervi og upplifa annars konar kynhneigð og kynlíf en fjöldinn allur.

Viðmælendur okkar nýttu sér þetta svigrúm í mismiklum mæli. Þrír þeirra höfðu greinilega tileinkað sér hinsegin gagnkynhneigða karlmennsku sem fólst í því að þeir lögðu ríka áherslu á karlmannlegt útlit og reyndu að laga sig að ríkjandi orðræðu um karlmennsku. Þeir gagnrýndu staðalmyndina af hinum kvenlega homma og í varnarskyni töluðu þeir um „hina“ til að skilja á milli sín og hins „kvenlega“ karlmanns. Hinir þrír viðmælendur okkar höfðu hins vegar tileinkað sér hinsegin karlmennsku. Þeir voru frekar gagnrýnir á ríkjandi orðræðu um karlmenskuna og reyndu að trufla hana með óhefðbundnum aðferðum. Rafn gekk hvað lengst í þeim efnum og notaði líkama sinn í pólitískum og uppeldislegum tilgangi. Hann notaði naglalakk til að ögra ríkjandi viðmiði um karlmenskuna. Ennfremur vakti það furðu margra og vakti uppnám að hann skyldi skilgreina sig sem tvíkynhneigðan. Rafn truflaði því orðræðu tvíhyggjunnar, bæði hvað kynhneigð og kyngervi snerti. Allir viðmælendur okkar bentu líka á að karlmennska gagnkynhneigðra pílta væri að breytast. Hún væri að verða mýkri og færast nær því sem skilgreina mætti sem hinsegin karlmennsku. Mörkin á milli þess sem er hinsegin og á skjön við hefðir, og þess sem er „eðlilegt“ og gagnkynhneigt, hafa því orðið óljósari í seinni tíð.

Af rannsókninni má því draga þann lærdóm að ungir hommar og tvíkynhneigðir karlmenn eru að kljást við að láta andstæðurnar sem hafa verið skapaðar á milli gagn- og samkynhneigðar ekki stjórna lífi sínu. Þetta er sérstaklega áberandi hjá Rafni en á einnig við um alla viðmælendur okkar. Allir eru þeir meira og minna að kljást við það sama: að fá að vera þess háttar karlar sem þeir vilja sjálfir .

Heimildir

- Bartky, S. L. (1990). *Femininity and domination*. London: Routledge.
- Blye, F., Kehler, M., Lovell, T. og Davison, K. (2003). A tangle of trouble: Boys, masculinity and schooling – future directions. *Educational Review*, 55, 119–133.
- Bourdieu, P. (2001). *Masculine domination*. Stanford: Stanford University Press.
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative research in psychology*, 3, 77–101.
- Brownmiller, S. (1984). *Femininity*. New York: Fawcett Columbine.
- Butler, J. (1990). *Gender trouble: Feminism and the subversion of identity*. New York: Routledge.
- Butler, J. (1993). *Bodies that matter. On the discursive limits of “sex“*. New York: Routledge.
- Callis, A. S. (2009). Playing with Butler and Foucault: Bisexuality and queer theory. *Journal of Bisexuality*, 9(3–4), 213–233.
- Connell, R. (1995). *Masculinities*. Cambridge: Polity.
- Ezzell, M. B. (2009). “Barbie dolls” on the pitch: Identity work, defensive othering, and inequality in women’s rugby. *Social problems*, 56(1), 111–131.
- Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research*. London: Sage.
- Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema. *Netla – Vefritur um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/001.pdf>
- Hasley, R. (2005). Queer masculinities of straight men: A typology. *Men and Masculinities*, 7(3), 310–320.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Kimmel, M. (1996). *Manhood in America: A cultural history*. New York: Free Press.

- McCormack, M. (2012). Queer masculinities, gender conformity, and the secondary school. Í J. C. Landreau og N. M. Rodriguez (ritstjóri), *Queer masculinities: A critical reader in education* (bls. 35–45). Dordrecht: Springer Netherlands.
- Martino, W. (2012). Queering masculinities in male teachers' lives. Í J. C. Landreau og N.M. Rodriguez (ritstjóri), *Queer masculinities: A critical reader in education* (bls. 21–33). Dordrecht: Springer Netherlands.
- Martino, W. og Pallotta-Chiarolli, M. (2003). *So what's a boy? Addressing issues of masculinity and schooling*. Maidenhead og Philadelphia: Open University Press.
- Messner, M. (1994). *Sex, violence, and power in sports: Rethinking masculinity*. Freedom, CA: Crossing Press.
- Paechter, C. (2003). Masculinities and feminities as communities of practice. *Women's Studies International Forum*, 26(1), 69–77.
- Paechter, C. (2007). *Being boys, being girls: Learning masculinities and femininities*. Berkshire: Open University Press.
- Peterson, G. T. og Anderson, E. (2012). The performance of softer masculinities on the university dance floor. *The Journal of Men's Studies*, 20(1), 3–15.
- Pronger, B. (1990). *The arena of masculinity: Sports, homosexuality, and the meaning of sex*. New York: St. Martin's Press.
- Simpson, M. (1994). *Male impersonators: Men performing masculinity*. New York: Routledge.
- Weeks, J. (2010). *Sexuality*. New York: Routledge.
- Þórdís Þórðardóttir. (2012). *Menningarlaus: Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*. Óbirt doktorsritgerð, Menntavísindasvið: Háskóli Íslands.